



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. desember 2011

Efni Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (áhættustýring, vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga, starfsendurhæfingarsjóður, hæfi stjórnarmanna, og sérstök vaxtaniðurgreiðsla), 368. mál.

Samtök atvinnulífsins, ásamt fulltrúum ASÍ, BHM, BSRB, LL og FME, sátu fund Efnahags- og viðskiptanefndar um þetta frumvarp þann 9. desember 2011. Einn nefndarmanna óskaði eftir skriflegum umsögnum gesta nefndarinnar um málið.

Áhættustýring lífeyrissjóða

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að við upptalningu á verkefnum stjórnar lífeyrissjóða í 29. gr. laganna bætist áhættustýring, þ.e. „að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins.“ FME hefur þegar gefið út leiðbeinandi tilmæli til lífeyrissjóðanna með ítarlegum kröfum um áhættustýringu og er ákvæðinu ætlað að skjóta skýrri lagastoð undir þær kröfur. Samtök atvinnulífsins eru fylgjandi stefnumörkun um aukna áherslu á áhættustýringu í starfsemi lífeyrissjóða og styðja þ.a.l. þessa breytingartillögu.

Vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða

Í 2. gr. er lagt til að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða verði 15% í stað 10% við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2011, 13% árið 2012 og 11% árið 2013, án þess að þeim verði skylt að gera breytingar á samþykktum sínum. Fjórir sjóðir voru yfir 10% mörkunum árið 2010, þ.e. stigadeildir LSR og LSS, Lífeyrissjóður bænda og Stapi lífeyrissjóður. Í framlengingu víðari vikmarka felst heimild til þess að fresta enn um sinn að taka á vanda lífeyrissjóðanna. Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemd við tillöguna en lýsa áhyggjum af stöðu opinberu lífeyrissjóðanna og ekki síður af því hvernig vandi þeirra verði leystur.

Iðgjald lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar

Í 3. gr. a. er gerð tillaga um að lífeyrissjóðir hefji greiðslu gjalds, sem samsvarar 0,13% af iðgjaldsstofni, til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Fyrsta greiðslan, reiknuð af iðgjaldsstofni júlímánaðar, skal þó samsvara 0,88% af samanlögðum iðgjaldsstofni. Í ljósi þess að uppbygging starfsendurhæfingarþjónustu við skjólstaðinga lífeyrissjóðanna hefur dregist, bæði hjá VIRK og lífeyrissjóðunum, er samstaða um það meðal þeirra aðila sem að sjóðnum standa að leggja til að þessi 0,88% greiðsla verði felld niður en að reglubundnar og ótímabundnar greiðslur sjóðanna hefjist í júlí 2012.

Eignarskattur á lífeyrissjóði

Í 3 gr. c. er gerð tillaga um að árin 2012 og 2013 greiði lífeyrissjóðir skatt í ríkissjóð sem nemur 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris eins og hún er í lok næstliðins árs. Skattstofninn er þannig staða sjóðanna í árslok 2011 og 2012. Fyrirframgreiðsla skal miðast við stöðuna í árslok 2010 og 2011. Samkvæmt greinargerð og fjárlagafrumvarpinu er skatturinn áætlaður nema 1.400 m.kr. á árinu 2012 en þá er miðað við fyrirframgreiðsluna



sem er byggð á stöðunni í árslok 2010. Áætla má að hreinar eignir lífeyrissjóðanna muni hækka um 8% á þessu ári þannig að skatturinn skili ríkissjóði um 1.500 m.kr.

Samtök atvinnulífsins hafa áður lýst andstöðu samtakanna til þessarar áformuðu skattlagningar á lífeyrissjóði í umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (aðgerðir í skattamálum, verðlagsbreytingar o.fl.), 195. mál, þar sem segir að þessi skattlagning sé í fullkominni ósátt við lífeyrissjóðina og aðila almenna vinnumarkaðarins. Hún muni leiða til skerðingar á kjörum lífeyrisþega í almennum lífeyrissjóðum sem ekki njóta afkomutryggingar líkt og lífeyrisþegar hjá sjóðum á vegum hins opinbera. Slík skattlagning á almennum lífeyrissjóðina sé í ósamræmi við þá almennu stefnumörkun sem mótuð hafi verið, að samræma lífeyrisréttindi milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

Til að setja þennan 1.500 m.kr. skatt á lífeyrissjóðina má nefna að rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld þeirra allra námu 3.700 millónum króna á árinu 2010, þannig að skatturinn nemur tæpum 40% af kostnaði sjóðanna. Þeir greiddu 61 milljarð króna í lífeyri og nemur skatturinn því 2,3% af greiddum lífeyri. Lífeyrissjóðirnir á almenna markaðnum munu þurfa að skerða áunnin réttindi sjóðsfélaga sinna sem nemur þessum skatti og þar með núverandi og framtíðar lífeyrisgreiðslur en það sama gildir ekki um sjóði á vegum hins opinbera sem vísa reikningnum á skattgreiðendur. Sjóðsfélagar í almennum lífeyrissjóðunum munu því bæði bera skattinn í lægri lífeyri og hærri skattgreiðslum. Við slíkt ójafnræði er ekki unandi.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir stöðu lífeyrissjóðanna í landinu eftir því hvort þeir eru á vegum almenna vinnumarkaðarins eða hins opinbera. Tölurnar sýna annars vegar hinar miklu ófjármögnuðu skuldbindingar sjóða hins opinbera, 500 ma. kr. í árslok 2010, og hins vegar að það er ekkert andlag fyrir skattlagningu almennum lífeyrissjóðanna þar sem tryggingafræðileg staða þeirra er neikvæð og mun versna á þessu ári um 1-2%. Þeir munu því að öllum líkindum þurfa að skerða réttindi sjóðsfélaga vegna neikvæðrar stöðu og fyrirhuguð skattlagning mun enn bæta þar í.

Yfirlit samtryggingardeilda lífeyrissjóða 2010. Fjárhæðir í þús. kr.

	Heildar- skuldbindingar	Heildarstaða	Heildarstaða í % af heildar- skuldbindingum
Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði	2.307.949.826	-149.323.173	-6,5%
Lífeyrissjóðir á vegum hins opinbera	1.289.807.602	-501.951.556	-38,9%

Heimild: Fjármálaeftirlitið

Samtök atvinnulífsins mótmæla harðlega allri skattlagningu á lífeyrissjóði og leggja til að c-liður frumvarpsins verði felldur brott.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is